

**Þrettándi fundur samstarfsnefndar vegna sameiningaviðræðna  
Táknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar  
30. október 2023, kl: 15:00.**

Mætt voru:

Jenný Lára Magnadóttir frá Táknafjarðarhreppi  
Jóhann Örn Hreiðarsson frá Táknafjarðarhreppi  
Lilja Magnúsdóttir frá Táknafjarðarhreppi  
Ólafur Þór Ólafsson frá Táknafjarðarhreppi  
Guðrún Eggertsdóttir frá Vesturbyggð  
Jón Árnason frá Vesturbyggð  
Þórkatla Soffía Ólafsdóttir frá Vesturbyggð boðaði forföll  
Þórdís Sif Sigurðardóttir frá Vesturbyggð

Bryndís Gunnlaugsdóttir, Freyja Sigurgeirsdóttir og Róbert Ragnarsson frá KPMG. Bryndís ritaði fundargerð.

**I. Niðurstöður íbúakosninga um sameiningu Táknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar**  
Farið var yfir niðurstöður íbúakosninga úr báðum sveitarfélögum.

*Táknafjörður*

- 201 á kjörskrá
- 145 greidd atkvæði - 72,14% kjörsókn
- 139 sögðu já, 95,86%
- 5 sögðu nei 3,45%
- 1 auður 0,69%
- 0 ógildir, 0,00%

Sameining samþykkt

*Vesturbyggð*

- 804 á kjörskrá
- 442 greidd atkvæði – 54,98% kjörsókn
- 364 sögðu já, 82,35%
- 73 sögðu nei, 16,52%
- 4 auðir, 0,90%
- 1 ógildur 0,23

Sameining samþykkt

*Samstarfsnefndin vill koma á framfæri þökkum til íbúa, kjörinna fulltrúa, starfsfólks sveitarfélaganna, og annarra er komu að undirbúningsvinnu og gerð tillögu um sameiningu sveitarfélaganna og sameiningarviðræðum. Umræddir aðilar hafa unnið mikið og gott starf sem var forsenda fyrir því að sameiningarviðræðurnar hafa gengið vel og niðurstöður kosninganna jákvæðar.*

*Sérstakar þakkir fá sameiginleg kjörstjórn, kjörstjórnir beggja sveitarfélaga sem og öllum öðrum er komu að framkvæmd kosninganna. Umræddir aðilar hafa unnið mikið, óeigingjarnt og mikilvægt starf síðustu daga og vikur m.a. við að innleiða nýja framkvæmd í sameiningakosningum með bæði póstkosningu og færanlegum kjörstað.*

**II. Næstu skref**

Freyja, Bryndís og Róbert fóru stuttlega yfir næstu skref í sameiningarferli sveitarfélaganna.

*Samstarfsnefnd vegna sameiningarviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar beinir því til sveitarstjórna sveitarfélaganna að kjósa þrjá fulltrúa í undirbúningsstjórn en verkefni undirbúningsstjórnar er að undirbúa formlega sameiningu sveitarfélaganna, þ.á.m. fyrirkomulag kosninga til sveitarstjórnar og gildistöku sameiningar. Til að tryggja samfelli í verkefninu leggur samstarfsnefndin til að sömu fulltrúar taki sæti í undirbúningsnefnd og voru í samstarfsnefnd.*

*Samstarfsnefndin vill vekja athygli á því að sameining sveitarfélaganna tekur ekki gildi fyrr en eftir sveitarstjórnarkosningar næsta vor. Því stýra sveitarstjórnir hvors sveitarfélags áfram starfsemi og rekstri hvors sveitarfélags nú sem áður. Samstarfsnefndin vill þó vekja athygli á því að sveitarstjórnnum er óheimilt að skuldbinda sveitarfélag eða samþykkja greiðslur úr sveitarsjóði sem ekki leiðir af lögum, fjárhagsáætlun eða þegar samþykktum viðauka við hana nema báðar hlutaðeigandi sveitarstjórnir samþykki slíka ráðstöfun.*

### **III. Önnur mál**

Engin önnur mál voru tekin fyrir

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16:00.